

LÖG

um breyting á lögum nr. 50/1981, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

5. gr. laganna orðist svo:
- 5.1. Ekkert sveitarfélag skal vera án viðhlítandi heilbrigðiseftirlits.
 - 5.2. Sveitarfélög greiða kostnað við heilbrigðiseftirlit í héruðunum að svo miklu leyti sem lög mæla ekki um á annan veg.
 - 5.3. Hver svæðisnefnd skal fyrir 1. október ár hvert hafa gert tillögu að fjárhagsáætlun fyrir næsta reikningsár, og skal þá þegar senda hlutaðeigandi heilbrigðisnefndum tillöguna til umfjöllunar.
 - 5.4. Heilbrigðisnefndir skulu fyrir 15. október ár hvert hafa sent hlutaðeigandi sveitarstjórnnum tillögu að fjárhagsáætlun fyrir næsta reikningsár ásamt áætlun um skiptingu kostnaðar milli sveitarfélaga í umdæminu.
 - 5.5. Tillögur heilbrigðisnefnda, sbr. 5.4., skulu lagðar fyrir hlutaðeigandi sveitarstjórnir til endanlegrar ákvörðunar við afgreiðslu fjárhagsáætlunar hvers sveitarfélags.
 - 5.6. Heimilt er sveitarstjórnnum að höfðu samráði við hlutaðeigandi svæðisnefndir að innheimta gjald af eftirlitsskyldri starfsemi, sem talin er upp í 2. gr., tl. 7., 8., 12., 13., 14., 15., 16. og 17. Skal gjald þetta innheimt samkvæmt gjaldskrá sem heilbrigðismálaráðherra staðfestir og birt skal í B-deild Stjórnartíðinda. Gjöld samkvæmt þessari grein má innheimta með lögtaki.

2. gr.

1. tl. 17. gr. orðist svo:
- 17.1. Stofnuninni skal skipt í fjórar deildir:
Heilbrigðiseftirlit, rannsóknastofu, mengunarvarnir og geislavarnir og skal starfa forstöðumaður yfir hverri.

3. gr.

4. tl. 17. gr. orðist svo:
- 17.4. Mengunarvarnir hafa yfirumsjón með því að framfylgt sé ákvæðum mengunarvarnarreglugerðar, sbr. 2. tl. 3. gr.
Mengunarvarnir annast enn fremur:
1. Tillögur að starfsleyfum og úrvinnslu gagna hvað snertir mengunarvarnir.
 2. Skipulagningu og umsjón með framkvæmd mengunarrannsókna í samræmi við lög þessi svo og annarra mengunarrannsókna eftir nánari ákvörðun stjórnar.

4. gr.

- Við 17. gr. bætast nýir töluliðir er verði 5. og 6. töluliður og orðist svo:
- 17.5. Geislavarnir hafa yfirumsjón með starfsemi geislavarnaeftirlits skv. lögum nr. 95/1962, með síðari breytingum, og reglugerðum settum samkvæmt þeim lögum.
 - 17.6. Ráðherra getur, að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar, sett gjaldskrá fyrir veitta þjónustu á rannsóknastofu og fyrir sérhæft eftirlit sem stofnuninni er falið að annast samkv. ákvörðun ráðherra, sbr. 4. tl. 13. gr. Skal upphæð slíkra gjalda við það miðuð að þau standi undir allt að helmingi kostnaðar við hverja tegund rannsóknar eins og hann er áætlaður í upphafi hvers árs.

5. gr.

Upphaf 19. gr. orðist svo:

19.1. Við stofnunina starfa fjórir forstöðumenn.

6. gr.

Við 1. tl. 19. gr. bætist nýr liður er verði 4. liður og orðist svo:

19.1.4. Forstöðumaður geislavarna skal hafa háskólamenntun á sviði eðlisfræði og sérþekkingu og reynslu á sviði geislavarna.

7. gr.

Orðin „Áfengisvarnaráði, skv. lögum nr. 82/1969“ í 1. tl. 21. gr. falli niður.

8. gr.

34. gr. orðist svo:

34.1. Hollustuvernd ríkisins getur samið við aðrar rannsóknastofnanir um að annast rannsóknir fyrir heilbrigðiseftirlitið í landinu, að svo miklu leyti sem stofnuninni er ekki kleift að annast þær og fé er veitt til þess í fjárlögum.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Að lokinni staðfestingu skulu þau feld inn í meginmál laga nr. 50/1981 og gefin út svo breytt.

*Gjört í Reykjavík, 16. maí 1984.***Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Albert Guðmundsson.***LÖG****um breyting á ábúðarlögum, nr. 64 31. maí 1976.****FORSETI ÍSLANDS***gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

3. mgr. 1. gr. orðist svo:

Jörð eða lögbýli teljast enn fremur býli sem hlotið hafa samþykki landbúnaðarráðuneytisins sem ný býli.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1984.

*Gjört í Reykjavík, 28. maí 1984.***Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

Jón Helgason.